

Fullnaðarprófið er í áföngum, og er sérstakt áfangapróf í hverjum námsþætti. Prófið í hagnýtri málnotkun er bæði skriflegt og munnlegt, en í valfrjálsum námsþáttum er prófað skriflega og/eða munnlega eftir ákvörðun hlutaðeigandi kennara. Heimilt er með samþykki hlutaðeigandi kennara, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka koma í stað prófs í einum hinna þriggja valfrjálsa námsþátta. Einkunnir eru 5 alls: tvöföld einkunn í hagnýtri málnotkun og ein einkunn í hverjum hinna þriggja valfrjálsu námsþátta.

Stúdent skal að jafnaði hafa lokið síðasta áfangaprófi eigi síðar en á fjórða misseri, talið frá og með því misseri, er hann gekk undir fyrsta áfangaprófið.

Heimspékideild velur fjóra menn úr hópi kennaranna í islenskri málfræði og bókmenntum, er standi fyrir prófinu ásamt kennara, er kennir hagnýta málnotkun.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. janúar 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 20. janúar 1972, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.